

Kubbi íþróttafélag eldri borgara, Ísafjarðarbæ.

Ársskýrsla 2023



Ársskýrsla stjórnar.

Kubba íþróttafélags eldri borgara, Ísafjarðarbæ

fyrir árið 2023.

Strax í upphafi árs hófst starfið með æfingum í Boccia og sundleikfimi.

Boccia:

Árið 2023 í byrjun janúar hófust boccia-æfingar og var mæting nokkuð góð 14 – 20 á æfingu þegar flestir mættu. Æfingar voru með sama hætti og áður þrjár æfingar í viku þ.e. mánudaga, miðvikudaga og föstudaga í Íþróttahúsinu Torfnesi. Nú gátu æfingar verið með eðlilegum hætti, búið að létta af öllum hömlum vegna Covid-19.

Æfingar stóðu fram í maí og þá farið í sumarfrí og byrjað að nýju í byrjun október. Stjórnandi æfinga var Kristján Kristjánsson. Um stjórn og framkvæmd Bocciamóta sjá Jens Kristmannsson.

Okkar árlega Góumót í Boccia héldum við dagana 15. og 17.mars, til keppni voru skráð fimm lið. Sigurvegari mótsins var Kubbi-D liðsmenn þess voru; Gunnlaugur Jónasson, Reynir Pétursson og Jens Kristmannsson. Okkar árlega tvímenningsmót í Boccia var haldið 6. og 10. Nóvember og voru að þessu sinni skrá tíu lið til keppni. Sigurvegara mótsins voru þeir Reynir Pétursson og Finnur Magnússon. Öll úrslit eru skráð í skýrslu um úrslit móta hjá félaginu.

Vikuna 23. – 30.september, var íþrótt og hreyfivika Evrópu, af því tilefni var félagið með opna Boccia-æfingu. Þar kynntum við upphaf íþróttarinnar og hvernig hún barst til Íslands. Ekki er hægt að segja að fjölmenni hafi verið á kynningu. Rétt er þó að geta þess að smá fjölgun hefur orðið í Boccia-hópnum.

Í lok nóvember fór Boccia-hópurinn ásamt mökum á Edinborg-bistro og snæddi saman hangikjöt í kveðju skini við tvo féлага sem voru á leið á suðrænar slóðir til vetrar dvalar.

Sund:

Sundtíma fengum við í Sundhöll Ísafjarðar tvísvar í viku, eins og undanfarinn ár. Á æfingu eru að jafnaði 15 til 20 manns aðallega konur þó er af og til einn karl á æfingu, þó þeir séu líka velkomnir. Stjórnandi sundleikfiminna er eins og undanfarinn ár Rannveig Pálsdóttir.

Púttvöllurinn:

Púttvöllurinn leit vel út eftir veturinn, það var því nokkuð snemma, sem þessi venjulegu vorverk voru drifin af, af félögum í Golfklúbbi Ísafjarðar. Rista sanda, sá og borið á. Völlurinn var svo opnaður 4.maí. Um opnun vallarins að morgni allra virka daga sá Garðar Garðarsson, f.h. félagsins, en um lokun sáu þeir Reynir Pétursson og Finnur Magnússon. Um opnun og lokun vallarins á helgum þ.e. laugardögum og sunnudögum, sem og á almennum helgidögum sáu félagar úr Kubba, als voru það 48 dagar.

Sláttur, holutaka, sem og önnur umhirða um völinn, var í höndum þeirra Reynis Péturssonar og Finns Magnússonar ásamt starfsmanni Golfklúbbs Ísafjarðar. Umhirða blóma og trjáa var í höndum Árnýjar Oddsdóttur og Sigríðar Þórðardóttur.

Samkvæmt gestabók voru gestir vallarins þetta árið 1718, sem skiptist milli mánaða, maí 248, júní 251, júlí 371, ágúst 362, september 426, október 60. Það er nokkuð víst að þó nokkrir þeirra er koma á völinn skrifa ekki í gestabók, má því áætla að fjöldi heimsókna sé eitthvað hærra, einnig er vitað að sumir okkar gesta koma oftar en einu sinni á dag.

Eins og fram kom í árskýrslu 2022, voru áform um byggingu á viðbót við Eyri, sem tæki stóran hluta Púttvallarins. Fulltrúar félagsins og Félags eldri borgara á Ísafirði funduðu í tvígang með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs um málið en engar ákvarðanir hafa verið teknar um byggingu á vellinum. Á fundum okkar með bæjarstjóra hafa komið fram loforð um að áður en til framkvæmda kemur verði gert samkomulag við okkur um Púttvöllinn. Samkvæmt upplýsingum úr Framkvæmdasýslu ríkisins, eru enginn áform um byggingu hjúkrunarheimila á árin 2024

Pútt:

Sumarið 2023 voru haldin 7 púttmót á vegum félagsins. Öll púttmót félagsins enda á verðlauna afhendingu og kaffiveitingum, sem að jafnaði eru í höndum stjórnarkvenna. Púttmótin sem haldin voru þetta árið voru: Opnunarmót, Sjafnarmót, Héðinsmót, Skemmti- og plankamót, Paramót, Fyrirtækjamót og Lokamót. Úrslit allra púttmóta félagsins má sjá í skýrslu um mót á vegum Kubba.

Leikjadagur:

Leikjadagur eldri borgara var haldinn 15.ágúst. Eins og áður er efnt til leikjadags í samvinnu við Félag eldri borgara, þátttaka var góð, voru skráðir þátttakendur 28 manns. Þarna kynntum við hinar ýmsu íþróttagreinar og leiki, sem félagar í Kubba hafa tekið þátt í og hæfa öllum aldurshópum og skapa aukna hreyfingu.

Landsmót UMFÍ 50+:

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Stykkishólmi 23. – 25.júní. 2023.. Að þessu sinni voru skráðir keppendur frá Kubba níu. Vegna lítillar gístaðstöðu á mótssstað urðu félagar úr Kubba að gista í Ólafsvík, sem er kostnaðarauki vegna fjarlægðar frá mótssstað. Félagar úr Kubba kepptu í Boccia og Pútti, má segja að árangur hafi verið góður. Í Boccia varð Kubbi-4, sem skipað var Árný Oddsdóttur, Sigríði Þórðardóttur og Jens Kristmannssyni í öðru sæti og Kubbi -3 sem í voru, Finnur Magnússon, Reynir Pétursson og Valdís Veturliðadóttir, í þriðja sæti. Þriðja sveit okkar, Kubbi-2, en hana skipuðu, Kristján Kristjánsson, Halldór Ásgeirsson og Kristján Pálsson, varð í fjórða sæti í sínum riðli.

Í púttkeppni Landsmótsins er keppt bæði í einstaklings og sveitakeppni. Til keppni voru skráðir 55 en til leiks mættu 52 þar af 9 frá Kubba.

Frá okkur voru því þrjá sveitir í Pútti. Í sveitakeppninni urðu úrslit þau að Kubbi-1, sem skipað var, Finni Magnússyni, Reyni Péturssyni og Jens Kristmannssyni, varð í fyrsta sæti, Kubbi-3, sem í voru Árný Oddsdóttir, Sigríður Þórðardóttir og Valdís Veturliðadóttir varð í sjöunda sæti.

Kubbi-2 sem í voru Kristján Kristjánsson, Halldór Ásgeirsson og Kristján Pálsson varð í níunda sæti. Í Pútt einstaklinga karla urðu úrslit þau að okkar maður Reynir Pétursson varð í fyrsta sæti, Finnur Magnússon, varð í 4 til 7 sæti, Jens Kristmannsson, í því 11, Kristján Pálsson, í því 13, Halldór Ásgeirsson, í 18 sæti og Kristján Kristjánsson, í 20.

Í kvennaflokki varð Árný Oddsdóttir í 3. – 4. Sæti, Sigríður Þórðardóttir í 12. til 17. og Valdís Veturliðadóttir í 18. sæti.

Íslandsmót Pútt 60+:

Að þessu sinni var Íslandsmótið haldið í Borgarnesi, þrír félagar úr Kubba voru meðal keppenda þeir: Elías Sveinsson, Finnur Magnússon og Kristján Pálsson. En skráðir keppendur voru 58. Í aldursflokki karla 80 ára og eldri varð Elías Sveinsson í öðru sæti. Í flokki karla 70 – 79 ára varð Kristján Pálsson í 11. sæti og Finnur Magnússon, í 18 sæti.

Fjáraflanir:

Að venju var aðalfjáröflun félagsins Fyrirtækjamótið í Pútti, sem haldið var í september. Að þessu sinni höfðu 14 fyrirtæki skráð sig til keppni, sem félagar úr Kubba kepptu fyrir. Sigurvegari að þessu sinni vað Finnur Magnússon og keppti hann fyrir Klofning ehf., sem varðveitir farandbikarinn fram að næsta móti. Á skildi, sem festur er á bikarinn er skráð nafn fyrirtækisins og keppandans ásamt ártali.

Kvikmyndagerð:

Nokkrir félagar í Kubba (14) tóku þátt í gerð kvikmyndar, undir stjórn Snævars Sölvasonar. Myndin á að gerast hér á Ísafirði og fóru tökurnar þar sem við komum við sögu fram í Ísafjarðarkirkju. Þetta er í annað sinn sem okkar fólk tekur þátt í gerð kvikmyndar, sem gerist hér á svæðinu.

Lokaorð:

Á árinu voru fjórir bókaðir stjórnarfundir haldnir, einnig voru fjölmargir óformlegir fundir í tengslum við framkvæmd móta eða aðra viðburði hjá félaginu.

Stjórn félagsins var þannig skipuð s.l.ár:

Formaður: Sigríður Þórðardóttir,
varaformaður: Finnur Magnússon,
ritari: Árný Oddsdóttir,
gjaldkeri: María Hagalínsdóttir,
meðstjórnandi: Kristján S. Kristjánsson.

Varastjórn: Reynir Pétursson, Gunnlaugur Gunnlaugsson,
Anna Gunnlaugsdóttir.

Ísafirði 2.febrúar 2024. Sigríður Þórðardóttir, formaður.